

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða hverjum hinna stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, til hvers þeirra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hulda B. Kolbeinsdóttir, greiði stefndu, Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Stefáni Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 209/1965. **Jón Arngrímsson**

(Magnús Óskarsson hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón P. Emils hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1966 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 140.535.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 25. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi réðst til varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi án milligöngu íslenzkra aðilja. Þegar af þeirri ástæðu eru eigi efni til í máli þessu að dæma á hendur ríkissjóði skaðabætur til handa áfrýjanda vegna ráðningarslitanna. Ber að dæma ríkissjóði sýknu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti er felldur niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Arngrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. júlí s.l., hefur Jón Arngrímsson, Lynghaga 4, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. febrúar 1966, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu kröfu að fjárhæð kr. 140.535.00 með 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hafa þær kröfur verið gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að fullu eða eftir mati réttarins.

Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar, bæði höfuðstóll og vaxtafótur, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að stefnanda var sagt upp starfi sínu sem skrifstofustjóra verzlunar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í lok nóvembermánaðar s.l. Var uppsögnin gerð með þriggja mánaða fyrirvara, og gegndi stefnandi starfi til 31. desember s.l., en fékk greidd laun til loka febrúar 1966. Stefnandi kveður engar ástæður hafa verið greindar fyrir uppsögn sinni, en hann hafi starfað í þágu varnarliðsins við ýmis störf síðan 1. febrúar 1952, en síðasti ráðningarsamningur sinn hafi verið gerður 8. ágúst 1961. Stefnandi telur, að sér hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, og eru stefnukröfur hans reiknaðar út með það í huga. Sundurliðar stefnandi útreikning sinn þannig:

Samkvæmt tilkynningu varnarliðsins til skattstofunnar um tekjur stefnanda árið 1964 hafi þær numið kr. 515.016.00. Sé greiðsla fyrir orlof innifalin í þeirri upphæð. Séu þetta grunnlaun og séu skv. því þriggja mánaðalaun með orlofi kr. 128.754.00. Á árinu 1964 hafi ekki verið greidd vísitöluuppbót á laun, en hún greiðist nú skv. lögum á allt kaup. Frá 1. marz 1966 hafi vísitöluuppbótin numið 9.15%, er leggist við kr. 128.754.00 og komi þá út stefnufjárhæðin, kr. 140.535.00. Stefnandi kveður hér

aðeins vera um föst laun að ræða, en í upphæðinni sé ekki fólgin neins konar sérstök greiðsla fyrir yfir- og aukavinnu.

Við munnlegan flutning málsins hefur lögmaður stefnanda lagt fram afrit af launayfirliti, er sent var skattayfirvöldum yfir tekjur stefnanda á árinu 1965. Kemur þar í ljós, að árslaun hans hafa þá hækkað í kr. 561.654.00.

Einnig hefur stefnandi lagt fram launaseðil frá 24. 4. 1965 varðandi hann, sem hljóðar upp á kr. 18.143.00, en varnarliðið mun hafa greitt stefnanda laun hálfsmánaðarlega.

Samkvæmt launaseðlinum hefur stefnandi reiknað út laun sín fyrir hina umdeildu þrjá mánuði á eftirfarandi hátt:

„Árslaun, kr. 18.143×26	kr. 471.718.00
Mánaðarlaun, kr. 471.718:12	— 39.309.83
Mánaðarlaun með vísitölu, 9.15%	— 42.906.68
Laun í 3 mánuði	— 128.720.00
Laun í 3 mánuði að viðbættu orlofi, 8%	— 139.017.64“.

Kveður stefnandi laun þessi vera grunnlaun, þar eð varnarliðið hafi ekki greitt vísitöluuppbót.

Stefnandi hefur hins vegar ekki breytt stefnukröfum sínum í máli þessu með tilliti til hinna nýju gagna.

Stefnandi byggir kröfur sínar um greiðslu launa í þrjá mánuði í viðbót á því, að sér hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur. Sér hafi verið sagt upp starfi, án þess að fyrir því væru gefnar nokkrar ástæður. Hann hafi þvert á móti notið trausts yfirboðara sinna, og hefur stefnandi lagt fram í málinu gögn því til stuðnings. Þar sem sér verði ekkert gefið að sök, þá telur stefnandi, að samkvæmt viðurkenndri reglu um starfsmenn í yfirmannastöðum hafi átt að segja sér upp starfinu með 6 mánaða fyrirvara. Stefnandi hafi gegnt mjög þýðingarmiklu starfi, eins og launakjör hans sýni, og verði starfinu helzt jafnað við umfangsmikil framkvæmdastjórástörf hjá íslenskum fyrirtækjum. Hefur stefnandi lagt fram í málinu nánari skilgreiningu á starfi sínu, er sýnir, að starf hans hefur verið bæði fjölþætt og umfangsmikið. Mótmælir stefnandi því eindregið, að um launakjör sín geti farið eftir kjarasamningum almennra verzlunarmanna, þar eð starf sitt hafi verið þess eðlis, að það falli utan ramma almennra kjarasamninga. Hér verði að byggja á venju, er stefnandi kveður ríkjandi um uppsagnarfrest framkvæmdastjóra fyrirtækja.

Stefndi hefur stutt sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi,

að ríkissjóður sé ekki réttur aðili að málinu. Telur hann, að verðlanir varnarliðsins falli ekki undir varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna sem slíkan né heldur falli fjárkröfur í máli þessu undir 2. tl. 12. gr. fskj. laganna nr. 110/1951.

Í annan stað séu ekki efnisrök til kröfu stefnanda, þar eð í ráðningarsamningi stefnanda gagnvart varnarliðinu frá 8. ágúst 1961 séu fyrst ákvæði um stöðuheiti stefnanda, síðan um launakjör og þar næst segi:

„Other provisions: Same as for Non-Manuals as prescribed by the committee for compilation of Wage Data.“ Samkvæmt þessu ákvæði fari um önnur atriði ráðningarsamnings stefnanda, þ. á m. um uppsagnarfrest hans, eftir fyrirmælum kaupskrárnefndar, sem starfi í sambandi við launamál íslenzkra starfsmanna varnarliðsins. Eigi hér við fyrirmæli nefndarinnar um þá starfsmenn, sem ekki vinni erfiðisvinnu.

Kaupskrárnefnd hefur haft mál þetta til meðferðar, og segir svo í úrskurði hennar:

„Af því tilefni vill Kaupskrárnefnd taka fram eftirfarandi:

1. Í ráðningarsamningi Jóns Arngrímssonar, dags. 8. ágúst 1961, rskj. nr. 3, segir í 3. gr., að um önnur ákvæði en kaup fari eftir fyrirmælum Kaupskrárnefndar um þá starfsmenn, sem ekki vinni erfiðisvinnu (non-manuals).
2. Með bréfi, dags. 31. júlí 1961, tilkynnti Kaupskrárnefnd varnarliðinu um kaup og kjör verzlunar- og skrifstofufólks, eins og þau voru samkvæmt kjarasamningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur frá og með 1. júlí 1961, en þar var m. a. ákveðið, að starfsuppsögn þessa fólks og vinnuveitanda þeirra skyldi af beggja hálfu vera 3 mánuðir að loknum þriggja mánaða reynslutíma. Kaupskrárnefnd hefur síðan tilkynnt varnarliðinu um allar breytingar á kaupi og kjörum þessa starfsfólks jafnóðum og samningar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hafa breytt, m. a. með tilkynningu til varnarliðsins, dags. 10. febrúar 1964, sem er síðasta tilkynning nefndarinnar um heildarbreytingar á kaupi og kjörum umrædds starfsfólks, áður en Jóni Arngrímssyni er sagt upp starfi í nóvember 1965. Í þeirri tilkynningu, eins og öllum öðrum, er uppsagnarákvæði V. R.-samninganna það sama, þ. e. 3 mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur að loknum reynslutíma.
3. Samkvæmt framansögðu telur Kaupskrárnefnd, að nefnd-

um Jóni Arngrímssyni hafi borið 3 mánaða uppsagnarfrestur úr starfi.“

Samkvæmt framangreindum úrskurði telur stefndi augljóst, að um uppsagnarfrest stefnanda eigi að fara eftir reglum í almennum kjarasamningum verzlunarmanna, en þar sé miðað við 3 mánaða uppsagnarfrest. Hafi stefnandi með áðurgreindum kjarasamningi firrt sig rétti til að bera úrskurð kaupskrárnefndar undir dómstóla og sé úrskurðurinn bindandi fyrir hann.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að ekki komi fram í ráðningarsamningi stefnanda frá 8. ágúst 1961, að hann eigi að hafa hærri laun en kr. 20.000.00 á mánuði og sé það óútskýrt, að honum hafi borið hærri laun. Þá eigi vaxtafótur að lækka í samræmi við almennar vaxtabreytingar.

Við úrlausn máls þessa verður í fyrsta lagi að telja, að stefnandi beini kröfum sínum réttilega að ríkissjóði Íslands, þar eð hér er um að ræða kröfu, er stafar beint frá starfsemi varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi, en telja verður, að ríkissjóður beri ábyrgð á því, að stofnanir varnarliðsins fullnægi ákvæðum um ráðningarkjör í sambandi við ráðningar íslenzkra þegna í sína þágu í samræmi við 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, enda nýtur varnarliðið hér útlendisréttar skv. þeim lögum.

Í öðru lagi verður á það fallizt með stefnanda, að störf hans í þágu varnarliðsins hafi verið svo umfangsmikil að jafna megi til framkvæmdastjórnarstarfa. Þá verður eigi talið, að með framangreindu ákvæði í ráðningarsamningi um fyrirmæli kaupskrárnefndar hafi stefnandi firrt sig rétti til að leggja kröfu sína undir almenna dómstóla. Það er hins vegar álit dómsins, að stefnandi hafi eigi sýnt fram á, að honum beri lengri uppsagnarfrestur en 3 mánuðir, og það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að sé eigi sérstaklega öðru vísi um samið, þá eigi 3 mánaða uppsagnarfrestur við í slíku tilfelli sem þessu.

Samkvæmt framansögðu verður því að taka sýknukröfu stefnda til greina, og kemur því varakrafa hans eigi til álita.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Þorvarði Jóni Júlíussyni framkvæmdastjóra og Sigurði Guðmundssyni skrifstofustjóra. Hefur dómsuppsaga dregizt nokkuð sökum sumarleyfis dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Arngrímssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1967.

Nr. 39/1967. **Landhelgisgæzla Íslands**

(Ingólfur Jónsson hrl.)

gegn

Ásgrími Ásgeirssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 1. marz 1967. Áfrýjandi áfrýjaði málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 2. marz 1967. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að dæmdir verði 7% ársvextir frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þar á meðal leiðarþókar og skipshafnarskrár v/b Gauts.

V/b Gautur, sem er 85 rúmlestir að stærð, var eign áfrýjanda og skráður sem varðskip til 3. marz 1962, er skráningarstarfsheiti skipsins var breytt í björgunarskip að ósk áfrýjanda. Í skipshafnarskrá er tekið fram 1. janúar 1962,